



## Stofnskrá Byggðasafns Skagfirðinga

### 1. grein

Safnið heitir Byggðasafn Skagfirðinga. Kennitala þess er 550652-0139.

### 2. grein

Byggðasafn Skagfirðinga var stofnað 29. maí 1948. Fastasýning var opnuð í Glaumbæ þann 15. Júní 1952. Safnið stendur fyrir tveimur til fleiri sýningum á ársgrundvelli.

### 3. grein

Heimilisfang safnsins er Glaumbær, 561 Varmahlíð.

### 4. grein

Hlutverk safnsins er að safna, skrá, varðveita og rannsaka muni og minjar úr Skagafjarðarhéraði og miðla þeim til almennings. Landfræðilega markast starfssvæði safnsins af sýslumörkum. Áhersla er lögð á rannsóknir og miðlun upplýsinga um áþreifanlegar og óáþreifanlegar heimildir um menningararf héraðsins, einkum byggingaarf og mikilsverðar lífsháttabreytingar.

Safnið starfar samkvæmt gildandi lögum um söfn, minjar og menningarverðmæti og hefur siðareglur Alþjóðaráðs safna (ICOM) að leiðarljósi. Safnið heldur að lágmarki tvo starfsmenn allt árið. Safnið getur verið í samstarfi um rannsóknir og varðveislu við hvern sem er, sé gætt opinberra siðareglna safna og það getur haldið sérsýningar hvar sem safnmunir eru öruggir og lánað muni til sýninga með skilyrðum um öryggi þeirra. Allir safnmunir skulu skrásettir samkvæmt viðurkenndu kerfi.

### 5. grein

Eigandi safnsins er sveitarfélagið Skagafjörður, sem leggur því til rekstrarfé. Safnið er ekki rekið í hagnaðarskyni. Verði arður af starfseminni rennur hann til safnsins.

### 6. grein

Atvinnu-, menningar- og kynningarnefnd Skagafjarðar fer með málefni safnsins.



#### 7. grein

Reikningar safnsins eru færðir í bókhaldskerfi Skagafjarðar. Fjárhagur safnsins er aðskilinn frá öðrum rekstri sveitarfélagsins. Reikningar eru endurskoðaðir af löggiltum endurskoðanda og afgreiddir samkvæmt sveitarstjórnarlögum.

#### 8. grein

Safnstjóri gerir fjárhagsáætlun fyrir safnið og leggur fyrir atvinnu-, menningar- og kynningamefnd Skagafjarðar til umfjöllunar. Fjárhagsgerð skal lokið ár hvert fyrir 15. desember samkvæmt sveitarstjórnarlögum.

#### 9. grein

Sveitarstjórn Skagafjarðar ræður safnstjóra. Safnstjóri skal hafa sérfræðimenntun á sviði minjafræði sem tengsl hafa við þjóðminjavörsluna (svo sem þjóðfræði, sagnfræði, fornleifafræði, safnafræði, listfræði eða aðrar greinar menningarsögu).

Safnstjóri ræður safnverði og ber ábyrgð á að safnið starfi samkvæmt samþykktri safnstefnu, sem endurskoðuð er á 4 ára fresti. Safnverðir þurfa að hafa þekkingu á íslenskum þjóðháttum, sögu og minjaumhverfi héraðsins.

#### 10. grein

Hyggist eigendur leggja safnið niður skal ráðstafa eignum þess í samráði við Þjóðminjasafn Íslands og samkvæmt fyrirætlum laga um ráðstöfun safnkosts. Öðrum eignum verður ráðstafað að höfðu samráði við Menningar- og viðskiptamálaráðuneyti.

Breytist rekstrarforsendur skal endurskoða stofnskrána.

#### 11. grein

Stofnskrá þessi er hin 5. sem endurnýjuð er frá 1948 og öðlast hún gildi þann 1. mars 2024. Með henni eru eldri ákvæði fallin úr gildi.

Skagafjörður 27.2.2024

Staður og dagssetning

Sigfus J. Sigfusson  
Sveitarstjóri Skagafjarðar  
Sveitarstjóri